

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi Ölvers og Móhóls í Hvalfjarðarsveit.

Sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar hefur samþykkt breytingu á deiliskipulagi Ölvers og Móhóls, Hvalfjarðarsveit.

Breytingin felst í því að lóðarmörkum og stærð er breytt á lóðunum nr. 31, 32, 33, 34, 35, 36, 36a, 37, 38 og 39 á svæði B við Ölver. Jafnframt er hluta af opnu svæði breytt í ræktunarsvæði.

Deiliskipulagið hefur fengið meðferð samkvæmt lögum nr. 73/1997 og skipulagsreglugerð nr. 400/1998.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

F.h. sveitarstjórnar Hvalfjarðarsveitar, 24. október 2007,

Skúli Lýðsson, skipulags- og byggingarfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 25. október 2007